
DV

Smáauglýsingar

Verslun



Stimplagerð, öll prentun. Nú er tíminn til að færa úr nafnnúmerum í kennitölu. Tökum að okkur alla prentun og höfum auglýsingavöru í þúsundatali, merkta þér. Sjón er sögu ríkari. Stimplar, nafnspjöld, límmiðar, bréfsefni, umslög o.fl. Athugaðu okkar lága verð. Textamerkingar, Hamraborg 1, sími 641101.



Nýi vor- og sumarlistinn kominn, nýjasta franska tískan. Verð kr. 300 + burðargjald. Pöntunarsími 652699 eða 652655. Afgreiðsla opin að Hjallahrauni 8, Hafnarfirði.



Otto Versand pöntunarlistinn er kominn. Nýjasta tískan. Stórkostlegt úrval af fatnaði, skóm o.fl. Mikið af yfirstærðum. Verð kr. 250 + burðargj. Til afgreiðslu á Tunguvegi 18 og Helgalandi 3, sími 91-666375 og 33249.

Þjónusta



Gröfuþjónusta, sími 985-25007. Til leigu í öll verk Cat. 428 traktorsgrafa. Höfum einnig vörubíl. Leitið tilboða. Kvöldsími 91-21602 og 641557.



Húsaeinangrun hf. Að blása steinull ofan á loft/þakplötur og í holrúm er auðveld aðferð til að einangra án þess að rífa klæðningar. Steinullin er mjög góð einangrun, vatnsvarin og eldþolin, auk góðrar hljóðeinangrunar. Veitum þjónustu um land allt. Húsaeinangrunin hf., símar 91-22866/82643.

BROSUM og allt gengur betur

UMFERÐAR RÁÐ

Nauðungaruppboð

þriðja og síðasta sem auglýst var í 22., 27. og 32. tölubl. Lögbirtingablaðsins 1987 á fasteigninni Hrafnakletti 6, Borgarnesi, jarðhæð, þingl. eign Aðalsteins Hermannssonar, fer fram að kröfu Sigríðar Thorlacius hdl. og Kristins Hallgrímssonar hdl. á eigninni sjálfri miðvikudaginn 15. febrúar nk. kl. 14.00.

Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

Snjómokstur

Vel útbúnar traktorsgröfur til snjómoksturs. Uppl. í símum 985-21919, 985-29460, 44520 og 52973.

B·L·A·Ð BURÐARFÓLK

á öllum aldri óskast í eftirtalin hverfi:

REYKJAVÍK

Kjartansgötu	Hjallaveg
Bollagötu	Kamsbsveg
Snorrabraut 67–86	Langaholtsveg 2–46
Hrefnugötu	Dyngjuveg
Baldursgötu	Kleppsveg 62–100
Bragagötu	Hjallaveg 1–15
Safamýri, oddatölur	Kambsveg 1–13
Ármúli 1–9	Skipasund 30 – út

AFGREIÐSLA DV

ÞVERHOLTI 11 SÍMI 27022

DV

Fréttir

Vinabæjamót á Egilsstöðum næsta sumar

Sigrún Björgvinsdóttir, DV, Egilsstöðum:



Frá fundi norræna félagsins á Egilsstöðum nýlega. DV–mynd Sigrún.


Eins og kunnugt er eru margir bæir og þorp á Íslandi í vinabæjasambandi við bæi á Norðurlöndunum og þar á meðal Egilsstaðir. Vinabæir Egilsstaða eru Sorö í Danmörku, Eiðsvöllur í Noregi, Skara í Svíþjóð og Suolahti í Finnlandi.

Fulltrúar frá þessum bæjum hittast á tveggja ára fresti og einmitt nú í sumar er komið að Egilsstaðabæ að bjóða vinum heim. Þetta væntanlega vinabæjamót var til umræðu á aðalfundi Norræna félagsins á Egilsstöðum fyrir nokkru. Dagskrá mótsins er þegar mótuð að hluta. Gestir koma föstudag 23. júní og þá verður móttaka í Valaskjálf.

Laugardeginum verður varið til skoðunarferða um Egilsstaði og nágrenni og lýkur með skemmtidagskrá og dansleik um kvöldið. Vonast er til að veðri verði svo háttað að hægt verði að sýna gestum miðnætursól.

Á sunnudag verður guðsþjónusta og sameiginlegur hádegisverður og lýkur þar með skipulagðri dagskrá. Búist er við um 60–80 gestum. Á vinabæjamóti á Egilsstöðum fyrir 10 árum komu 60 manns frá vinabæjum í heimsókn. Egilsstaðabúar hafa oft fjölmennt á þessi mót úti. Er skemmst að minnast þess að um 70 manns sóttu Eiðsvöll heim árið 1981. En þar á meðal var Tónkórinn sem söng þar við góðar undirtektir.

Menning



Frá sýningu Halldórs Ásgeirssonar að Kjarvalsstöðum. DV-mynd Brynjar Gauti

Tákn og myndletur

Sýning Halldórs Ásgeirssonar að Kjarvalsstöðum

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Óneitanlega er það notaleg upplifun, nú í miðjum snjóþyngslunum, að verða þátttakandi í myndveröld Halldórs Ásgeirssonar, nú til sýnis í austursal Kjarvalsstaða, þar sem hrannast upp aðföng frá heitum og fjarlægum menningarsvæðum og þjóðum, til að mynda brot úr sandteikningum ameríska púebló-indjána, klettamálverkum ástralskra frumbyggja, japönsku myndletri og híeróglýfum fornegypta.

Hins vegar er öll uppbygging verka Halldórs í anda vestræns módernisma, súrrealískur spuni tempraður með hreinflatarmálverki, kannski líka evrópsku poppi.

Þetta er allt saman mjög litríkt og fjörlegt og frjótt, minnir á köflum á þann sambræðing sem Myriam Bat-Yosef ástundaði í myndverkum sínum til skamms tíma.

Í leit að hinu upprunalega

Samt á ég í erfiðleikum með að fá botn í ásetning Halldórs.

Ég get skilið áhuga hans á myndog táknmáli þeirra framandi þjóða sem ég nefndi, það hefur jú reynst notadrjúgt mörgum helstu myndlistarmönnum þessarar aldar, allt frá Klee til Pollocks, í leit þeirra að hinu upprunalega.

En það er eins og Halldór hafi ekki lokið við að brjóta undir sig þetta aðfengna myndmál, gera það hlíðhollt sér og þeim kenndum sem hann þarf að fá útrás fyrir.

Að minnsta kosti finnst mér sem hin aðskiljanlegu form og merki, sem skotið hafa rótum í myndum hans, veki sífellt athygli á uppruna sínum: hó segir skreyti úr sandmálverki indíána, hæ kallar mexíkanskt mynstur, annars staðar siglir ofurlítil duggan úr egypskri grafhvelfingu, eða valhoppar ástralíubúi með búmerang.

Merki án merkingar?

Spekingurinn Roland Barthes hefði sennilega sagt að hér væri mikið samansafn merkja sem búin væru að tapa upprunalegri merkingu sinni, en hefðu ekki enn öðlast nýja merkingu.

Allt verður þetta auðvitað til að draga athygli áhorfandans frá markmiðum listamannsins, hver sem þau eru.

Annað er það sem sérir mitt formskyn, sem er að þrátt fyrir tilraunir sínar með margs konar efnivið og form, jafnvel skúlptúra, virðist Halldór í reynd taka afar takmarkað tillit til þeirra.

Myndskriftin, mynstrin og litirnir eru þau sömu, hvort sem listamaðurinn málar á striga eða fjórfættan tréskúlptúr, glerbrot eða gamlan stólræfil.

Á þessu stigi hefur listamaðurinn alveg efni á að hugsa sinn gang, gera upp við sig hvað hann vildi allra helst gera við þann ríkulega efnivið, sem hann hefur valið sér til úrvinnslu.

-ai.